

257. fundur

Þriðjudaginn 3. september 2013, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Björn Snæbjörnsson og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður stjórnaði fundinum og bauð velkominn nýjan nefndarmann til starfa Sigurgeir Sindra Sigurgeirsson formann Bændasamtaka Íslands, en varamaður hans er Guðný Helga Björnsdóttir. Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

- 1. Fundargerð 256. fundar og dagskrá.**
Fundargerð 256. fundar og dagskrá lögð fram – Samþykkt án athugasemda.
- 2. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús – september 2013.**
Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús frá 1. september sl., ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Einari Hafliða Einarssyni, endurskoðanda. Þar kemur fram að sá liður hækkaði frá því í júní sl. um kr. 27.235 og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.243.290. Grundvöllurinn hefur hækkað um liðlega 3,10% frá 1. júní 2012 og er heildarkostnaður nú alls kr. 34.846.052 en var kr. 33.797.373 í júní 2012. Grundvöllurinn var síðan staðfestur að loknum umræðum.
- 3. Lögð fram drög að frumvarpi um afnám verðmiðlunar- og verðtilfærslugjalda – staða verðtilfærslu.**
Formaður lagði fram drög að frumvarpi um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sem fyrirhugað er að lagt verði fram á haustþingi um afnám verðmiðlunar- og verðtilfærslugjalda. Pálma falið að láta gera milliuppgjör á verðtilfærslusjóði ásamt áætlun um hvenær staða hans verður komin í jafnvægi til að hægt sé að taka tillit til lokunar sjóðsins við gerð frumvarpsins. Að teknu tilliti til þessa er nefndin sátt við frumvarpið.
- 4. Verðlagsmódel mjólkuriðnaðarins – verðlagning.**
Pálmi lagði fram verðlagsmódel mjólkuriðnaðarins sem sýnir reiknaða hækkun frá júní 2012 til ágúst 2013, en hækkunarþörf til iðnaðarins samkvæmt módelinu er 4,79%. Í framhaldi af þessu spunnust umræður um verðlagningu og gagnaöflun. Ákveðið var að taka verðlagningu til umfjöllunar á næsta fundi.
- 5. Önnur mál.**
Sigurður Loftsson lagði fram yfirlit yfir þróun tekna og kostnaðar byggt á verðlagsgrundvelli kúabús frá 2002.
Formaður kynnti yfirlit sölu mjólkurvara frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði fyrir júlímánuð. Þar kemur fram að sala samtals á mjólkurafurðum hafa aukist um 6,28% en mest hefur aukningin verði í feitum afurðum um 11,42% og 7,22% aukning á próteinríkum afurðum í júlí.

Næsti fundur var ákveðinn miðvikudaginn 11. september kl. 10:00

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.